

Samþykktir

1.gr.

Félagið heitir Félag Filmuljósmyndara á Íslandi.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er að Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er stuðla að framgöngu ljósmyndunar á Íslandi og þá sér í lagi því sem snýr að notkun filmu. Að skapa tækifæri fyrir þá sem vilja ljósmynda á filmu til að gera það.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að reka myrkraherbergi, stækkara, framköllunarvél og aðra aðstöðu fyrir filmuljósmyndara. Kenna og viðhalda verkþekkingu á hinum ýmsu aðferðum til ljósmyndunar. Standa að námskeiðum og vinnustofum fyrir félagsmenn og aðra í ljósmyndun og vinnuaðferðum með filmu.

5. gr.

Félagsaðild er fyrir þá sem hafa áhuga á filmuljósmyndun.

6. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi. Kosningabærir eru aðeins þeir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjöldin.

7. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en febrúar ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Einnig er hægt að halda aukaaðlfund ef meirihluti félagsmanna óskar þess. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

8.gr.

Stjórn félagsins skal skipuð **3** mörgum félagsmönnum, formanni og **2** meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

9.gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt í janúar árlega og eru 5.000.-krónur.

10. gr.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í búnað og efna til ljósmyndunar.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til góðgerðarmála.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi 18. Október 2014.

Hér koma undirritanir stofnenda / stjórnarmanna, nöfn og kennitölur.